



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

23. maí 2019

Efni: Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta - 637. mál

Við er til frumvarps um ofangreint mál og framkomins álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Meginefni frumvarpsins er tillaga um lækkun almenna iðgjaldsins til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) úr 0,225% í 0,16%. Í álitinu er gerð breytingartillaga á frumvarpinu og lagt til að auk þess verði almenna iðgjaldið lækkað í 0,02% af öllum innstæðum upp að 10 milljörðum króna. Umsögn þessi varðar umrædda breytingartillögu.

Í nefndarálitinu virðist breytingartillagan um þrepaskipt iðgjald vera byggð á þeim rökum að hlutfall iðgjaldsins af rekstrarkostnaði smærri innlánsstofnana, sem fjármagni starfsemi sína að langmestu leyti með innstæðum, sé mun hærra en almennt gerist hjá innlánsstofnunum, eða 7-8% samanborið við 3-4%. Að mati Landsbankans eru þessi rök bæði villandi og málinu óviðkomandi. Rétt er að stærri innlánsstofnanir fjármagna almennt starfsemi sína að meira leyti með annarri fjármögnun en innstæðum, einkum fjármögnun á markaði, en almennt gerist hjá smærri innlánsstofnunum. Önnur fjármögnun en með innstæðum, t.d. ótryggð fjármögnun á markaði, ber hins vegar kostnað sem taka þarf með ef bera á saman kostnað af fjármögnun. Það er því villandi að byggja eingöngu á samanburði á hlutfalli iðgjalda til TIF af rekstrarkostnaði sem rök fyrir þrepaskiptingu iðgjalds.

Staðreyndin er sú að hlutfallslegur kostnaður smærri og stærri innlánsstofnana af innstæðum í formi iðgjalds til TIF er sambærilegur, þ.e. sú almenna iðgjaldaprósenta sem kveðið er á um í lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, auk breytilegs iðgjalds sem er reiknað á grundvelli áhættustuðuls viðkomandi innlánsstofnunar. Það væri með öllu órökrétt að hverfa frá því fyrirkomulagi sem er í góðu samræmi við þá áhættu sem TIF ber vegna einstakra innlánsstofnana. Þá er tryggingavernd innstæðna óháð því hver heildarfjárhæð innstæðna er hjá viðkomandi innlánsstofnun. Verðlagning tryggingaverndarinnar ætti því ekki að vera tengd heildarfjárhæð innstæðna.


Taka má dæmi af fjórum innlánsstofnunum, sem hver um sig hefur 10 milljarða króna í innstæðum. Þær myndu samkvæmt breytingartillögunni greiða 8 milljónir króna samtals á ári í almennt iðgjald (2 m.kr. hver). Ákveði þessar innlánsstofnanir að sameinast myndi iðgjaldið hækka í 50 milljónir króna á ári þótt verið væri að tryggja nákvæmlega sömu innstæður og áður. Það er ljóst að engin tryggingafræðileg rök eru fyrir slíkri niðurstöðu.

Í nefndarálitinu kemur fram að með breytingartillögunni vilji meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar styrkja samkeppnisstöðu sparisjóða. Af þessu virðist mega ráð að það sé

markmið breytingartillögunnar að veikja að þessu leyti samkeppnisstöðu stærri fjármálafyrirtækja gagnvart smærri fjármálafyrirtækjum. Að mati Landsbankans er þessi afstaða óheppileg. Mikilvægt er að almennar og samræmdar reglur gildi um starfsemi innlánsstofnana hér á landi þannig að allar innlánsstofnanir geti búi við sömu samkeppnisskilyrði að því er ytra regluverk varðar. Mismunun þarf að byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem lúta að þeirri áhættu sem stafar af rekstri innlánsstofnunar, þ.m.t. innlánastarfsemi hennar. Ekkert bendir til þess að samhengi sé á milli áhættu og heildarfjárhæðar innstæðna hjá innlánsstofnunum hér á landi. Áhættan af því að innlánsstofnun muni ekki geta innt af hendi greiðslu á andvirði innstæðu er ekki endilega minni þótt heildarfjárhæð innstæðna hjá viðkomandi innlánsstofnun sé undir 10 milljörðum króna. Þá má benda á að innstæðutryggingar hér á landi byggja á evrópskum og alþjóðlegum fyrirmyndum. Prepaskipting iðgjalds er í ósamræmi við þær fyrirmyndir.

Í nefndarálitinu er bent á að iðgjöld hér á landi í TIF séu há í samanburði við önnur EES-ríki og að staða TIF sýni að nokkurt svigrúm sé til frekari lækkunar iðgjalda, umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Landsbankinn er sammála þessu mati og telur að full ástæða sé til að lækka almennt iðgjald innlánsstofnana í TIF verulega meira umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Landsbankinn telur hins vegar að lækkun almenna iðgjaldsins eigi að vera jöfn fyrir allar innlánsstofnanir, þ.e. óháð fjárhæð innstæðna hjá hverri innlánsstofnun.

Virðingarfyllst,



Lilja Björk Einarsdóttir
Bankastjóri